

Egilsstaðir 2.nóvember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri

Undirritaður fagnar þessari tillögu enda viðbragðsaðilum á Austurlandi vel kunnugt um hversu langan tíma það tekur að fá þjónustu þyrlu þegar þörf er á ef það er yfirleitt í boði. Íbúar á Austurlandi nýta þjónustu sjúkraflugs hvað mest af öllum íbúum landsins og myndi þyrla á Akureyri auka öryggi íbúa á Austurlandi m.a þegar hefðbundið sjúkraflug getur ekki athafnað sig. Það eru einnig þó nokkuð margir dagar á ári hverju þar sem ófært er vegna veðurs á milli byggðarkjarna á Austurlandi. Þyrla getur í þeim tilfellum aðstoðað við flutning á fólki sem nú er stundum gert með aðstoð björgunarsveita og þeim tækjakosti sem þær búa yfir.

Það er von mín að þessi tillaga til þingsályktunar fá brautargengi og endi með staðsetningu þyrlu á Akureyri

Guðjón Hauksson

Forstjóri HSA